



HÉRAÐSSKJALASAFN
MOSFELLSBÆJAR



Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

Starfsemi	3
Eftirlit.....	3
Húsnæði og stöðugildi.....	4
Viðburðir	4
Vorfundur Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna	4
Safnanótt.....	5
Vestnorræn ráðstefna	5
Norræni skjaladagurinn – hús og heimili.....	6
Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða	6
Afhendingar.....	7
Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2017.....	7
Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar 2017.....	8

© Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar, mars 2018

Ritstjórn, umbrot og hönnun: Birna Mjöll Sigurðardóttir
Prófarkarlestur: Helga Jónsdóttir

*Öll réttindi áskilin.
Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

Ljósmynd á forsíðu: Hreinsun á skjalasafni 2017. Ljósmyndari Birna Mjöll Sigurðardóttir. Þessi mynd, sem og aðrar myndir úr starfsemi safnsins í skýrslunni eru teknar af Birnu Mjöll Sigurðardóttir, nema annað sé tekið fram.

ISSN 2547-6629

Starfsemi

Í upphafi ársins kom bæjarstjóri, þjónustustjóri og skjalastjóri Mosfellsbæjar í heimsókn til að kynna sér starfsemi skjalasafnsins. Helstu viðfangsefni sem héraðsskjalavörður upplýsti þau um voru lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og önnur lög og reglugerðir sem safnið



starfar eftir, afhendingar, frágangur og pökkun, öryggismál, neyðaráætlun, trúnaðarmál, ljósmyndir, heimasíða, ljóðasíða, samstarf á milli safna, hverjir noti safnkostinn o.fl. þættir.

Heimasíða Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar fór í loftið í september á árinu 2017, <http://www.hermos.is/>. Héraðsskjalavörður lagði mikla vinnu í vefinn á árinu ásamt hjálp frá Elvu Dís Adolfsdóttur. Margt á eftir að setja inn á vefinn og verður það gert með tíða og tíma eftir því sem tækifæri og tími gefast.

Heimsóknir á safnið voru alls 346

Fyrirspurnir voru alls 307, bárust í formi tölvupósts, í símtali eða með heimsókn einstaklinga. Afhendingar voru 20 talsins, alls 6.53 hillumetrar.



Héraðsskjalavörður fékk leyfi húsfélagsins í Þverholti 2, að setja upp ljósmyndir í stigagangi hússins. Settar voru allt 27 ljósmyndir úr sögu sveitarinnar, þrjár myndir í setti sem ákveðin þema, s.s. úr leiksýningum Ungmennafélagsins á þremur árum, þrjú samkomuhús sveitarinnar í gegnum tíðna, þrjár myndir frá útilauginni á Álafossi.

Eftirlit

Miklum tíma var varið í eftirlit og ráðgjöf með skilaskyldum aðilum á árinu 2017. Unnið var að gerð skjalavistunaráætlana fyrir alla búsetukjarna í Mosfellsbæ, en mikill tími fer í að kortleggja skjalasöfn þessara skjalamyndara þar sem skjöl þeirra eru mjög viðkvæm og tengjast einstaklingum. Þessi vinna fór mikið með forstöðumönnum búsetukjarnanna og Ásgeirs Sigurgestssonar verkefnastjóra á Fjölskyldusviði Mosfellsbæjar. Ekki tókst að klára vinnuna og er áætlað að skrifa undir skjalavistunaráætlanir fyrir búsetuskjarna í byrjun

næsta árs. Engir málalyklar voru gerðir fyrir búsetuskjarnana þar sem um svo litla skjalamyndara er að ræða. Bréf skulu skv. skjalavistunaráætlun raðaðst í tímaröð.

Í kjölfarið skiluðu tveir búsetuskjarnar eldri skjölum sínum til safnsins.

Aðrir skjalamyndarar sem heimsóttir voru á árinu voru Varmárskóli, Lágafellsskóli, Bókasafnið, Bæjarskrifstofur, Áhaldahús, Leikskólarnir Hlíð og Reykjakot, Golfklúbburinn Kjölur, Hestamannafélagið Hörður o.fl.

Húsnæði og stöðugildi

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara turnsins við Þverholt 2. Húsnæðið er í heild um 159.7 fermetrar og skiptist í fjögur rými. Tvær lokaðar og læstar geymslur eru á safninu, vinnurými, lestrarsalur fyrir 8 gesti og skrifstofa eru saman í einu rými og salerni í einu.

Í hvorri geymslu fyrir sig er stór skjalaskápur á rennilistum, eða tveir skápar. Samtals rúma þeir 576 hillumetra, en í skjalavörslu eru hillumetri (hm) mælieining fyrir stærð skjalasafna. Auk þess eru 310,4 hm af teikningaskápum og 22 hm í litlum skjalaskáp. Heildar geymslurými fyrir skjöl eru því um 908.4 hm.

Móttekin skjalasöfn fylla 636,5 hm af geymslurýminu eða ríflega 70% af hilluplássi. Ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um umfang óskráðra skjalasafna en lauslegar tölur benda til þess að um 155 hm séu óskráð. Gera má ráð fyrir að pláss í geymslunum dugi í 2-3 ár við viðbót áður en nauðsynlegt verður að stækka húsnæði safnsins.

Á safninu er eitt stöðugildi. Þegar safnið var stofnað árið 2001 var hálf stöðugildi á safninu. Á árunum 2004-2009 var enginn starfsmaður. Núverandi héraðsskjalavörður hóf störf í september 2009 í hálfu stöðugildi. Um áramótin 2012-2013 breyttist staðan í heilt stöðugildi.

Viðburðir

Vorfundur Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna

Árlegur vorfundur Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna á landinu var haldinn 27. og 28. mars í húsnæði Þjóðskjalasafns við Laugaveg 166. Dagskrá fundarins var óhefðbundnari en áður hefur verið. Fyrri dagurinn var tekinn undir verkefni og greiningarvinnu þátttakenda, á ýmsum þáttum í starfi skjalasafna, s.s. miðlun, framkvæmd eftirlits og ráðgjafar, ímyndunarmál, þjónustu við íbúa/gesti safnanna o.fl. þætti. Seinnidagurinn var fór að mestu leiti í kynningu á nýjum persónuverndarlögum sem taka gildi á næsta ári.

Safnanótt



Gestir á safnanótt líta á ljósmyndir

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar tók í fyrsta skipti þátt í Safnanótt 3. febrúar 2017. Safnið var opið frá 18.00-23.00. Mikill fjöldi gesta heimsótti safnið en meðal þess sem var boðið upp á að sjá var ljósmyndasýning á myndum úr sveitinni, sem var varpað upp á vegg, þá gátu gestir sest niður og skoðað og reynt að nafngreina ljósmyndir sem ekki höfðu verið nafngreindar. Þá var einnig sýnt gömul skjöl og munir úr sögu Mosfellsveitar.

Vestnorræn ráðstefna

Vestnorrænir skjaladagar voru haldnir 29.–31. ágúst í Reykjavík að þessu sinni. Þetta var í þriðja skipti sem Vestnorrænu skjaladagarnir voru haldnir á Íslandi. Þátttakendur voru frá héraðsskjalasöfnunum og Þjóðskjalasafni Ísland, Landsskjalasöfnunum í Færeyjum og á Grænlandi.



Þjóðskjalaverðir Færeyja, Grænlands og Íslands



Kristjana Kristinsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir starfsmenn Þjóðskjalasafns. (Þórunn var eitt sinn Héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar)

Dagskráin var fjölbreytt, en helstu umfjöllunarefni voru langtímavarðveisla rafræna gagna, miðlun safnkosts, aðfangastefna, afhendingar á opinberum skjalasöfnum og þjónusta við notendur. Þá voru sérstakar málstofur tengdar hverju umfjöllunarefni þar sem

þátttakendur báru saman bækur sínar.

Sameiginlegur kvöldverður var í Dillonshúsi á Árbæjarsafni en áður fengu gestir leiðsögn um safnið.

Norræni skjaladagurinn – hús og heimili

Norræni skjaladagurinn bar upp á 11. nóvember þetta árið. Eins og áður settu skjalasöfn landsins saman efni á vefinn skjaladagur.is, sjá <http://2017.skjaladagur.is/> Þemað þetta árið var Hús og heimili. Frá Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar komu tvö viðfangsefni, Birta Fróðadóttir innanhúsarkitekt frá Dalsgarði en hún hannaði og smíðaði meðal annars innbúið í Gljúfrasteini og Lágafellshúsið sem er eitt af elstu húsum Mosfellsbæjar og hefur í gegnum árin þjónað Mosfellingum sem prestsbústaður, íbúðarhús, þinghús, íþróttahús, bókasafn og samkomuhús.

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarða

Árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavarða var haldin á Laugum í Sælingsdal dagana 6.-7. október 2017.

Dagskráin var fjölbreitt að vanda, en helstu viðfangsefni voru miðlun og ljósmyndum á sveitarbókum, neyðaráætlanir fyrir skjalasöfn, Facebook sem miðlunartæki, átaksverkefni um söfnun skjala, fræðsla, endurmenntun og ráðstefnur sem eru gagnlegar fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna, persónuverndarmál, norræni skjaladagurinn o.fl.



Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður Borgarfjarðar, Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður Mosfellsbæjar og Guðmundur Sveisson héraðsskjalavörður Norðfjarðar ræða málin. Myndin er tekin af Halldóru Jónsdóttur héraðsskjalaverði A-Skaftafellssýsu

Afhendingar

Afhendingar á árinu 2017 voru 20 og reyndust um 6,53 hillumetrar. Stærsta afhendingin var skjalasafn búsetukjarnans við Þverholt um 1,2 hm. Aðrar stórar afhendingar eru skjöl frá Sóknarnefnd Lágafellssóknar, búsetukjarnans í Hulduhlíð og Listaskjóla Mosfellsbæjar. Aðrar afhendingar eru minni.

Skjöl afhent til Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar á árinu 2017

Í aðfangaskrá eru skráðar allar afhendingar sem berast safninu. Í listanum er aðfanganúmer fremst, þá innihald og loks stærð afhendingar í hillumetrum.

- 2017/01 Ljósmyndir frá Dalsgarði í Mosfellsdal. Um er að ræða skannaðar myndir frá fjölskyldunni í Dalsgarði, sennilega frá nokkrum aðilum. 0,01
- 2017/02 Sálناسkrár 26 stk. (sum eru um sama einstakling), 1906-1944. Þrjónabók frá 1948. Gömul krosssaumamynstur, ártal óvíst. 0,03
- 2017/03 Aðgangsmiðar að félagsmiðstöðinni Bólinu, 17 stk. Aðgangsmiði að skólahátíð Gagnfræðaskólans í Mosfellssveit 1985, 1 stk. 0,01
- 2017/04 Einkaskjöl frá Haraldi Jónssyni Varmadal og konu hans. 0,32
- 2017/05 Frá sóknarnefnd Lágafellssóknar - tvö innrömmuð málverk, annað af sr. Bjarna Sigurðssyni (1920-1991) og hitt af Jóhanni Sæmundi Björnssyni (1942-2006). Einnig innrömmuð ljósmynd af sr. Magnúsi Þorsteinssyni frá Mosfelli. (1872-1922). 1,0
- 2017/06 Gögn frá Búsetukjarnanum í Hulduhlíð. 0,96
- 2017/07 Almanak hins íslenska bókmenntafélags (-) og Skírnir. Kemur úr safni Guðmundar Guðmundssonar (1898-1982) frá Efri-Brú. 0,32
- 2017/08 Mosfellsbær - fræðsluvið. Þrjár innrammaðar ljósmyndir, yfirlitsmyndir af Mosfellsbær frá árunum 1980, 1985 og 1992. 1,0
- 2017/09 Listaskóli Mosfellsbæjar afhendir gögn frá upphafi Tónlistarskóla Mosfellsbæjar 1966 til ársins 2005. Í afhendingunni er að finna bréf, nemendaskrár, starfsskýrslur, launaskýrslur, upplýsingar af tónleikum o.fl. 0,72
- 2017/10 Gögn frá Huldu Kristinsdóttur, (1934-) Garði Mosfellsbæ. Þakkarbréf frá Halldóri Laxnes til kvennanna á símanum í Brúarlandi. 0,01
- 2017/11 Gögn frá Bókasafni Mosfellsbæjar: Ljósmynd af grænmetisnámskeiði, tekin á Álafossi árið 1935. Fundargerðir, uppsagnarbréf og ýmsar upplýsingar varðandi flutninga bókasafnsins. Skráningarbækur af bókakosti safnsins frá 1986-1990. Teikningar af bókasafninu, af 2. hæð í Kjarna við Þverholt 2. 0,16
- 2017/12 Gögn frá Mosfellshreppi, sem voru í vörslu Halldórs Jónssonar frá Varmá, fyrrum verksmiðjueigandi á Álafossi. Fundust í kössum á Álafossi. 0,05
- 2017/13 Þakklætisbréf sem barst Birni Þráni Þórðarsyni frá Forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, fyrir leiðsögn um uppgröftinn á Hrísbú. Dagsett 11.8.2017. 0,01
- 2017/14 Konunglegt hjónavígslubríf fyrir Lárus Halldórsson og Kristínu Magnúsdóttur. 0,01
- 2017/15 DVD diskur með þáttum um hernámsárin. Unninn af Reyni Oddssyni. 0,01
- 2017/16 Gögn frá Íbúasamtökunum Víghóll úr Mosfellsdal. 0,32
- 2017/17 Gögn frá búsetukjarnanum við Þverholt. 1,2
- 2017/18 Innrömmuð ljósmynd af Sveini Guðmundssyni frá Leirvogstungu. Hékk uppá vegg á 2. hæð bæjarskrifstofu. 0,03
- 2017/19 Tvær fundargerðarbækur Kvenfélagsins Esju, Kjalarnesi. Tveir ársreikningar félagsins. Handskrifaður nafnalisti. Bæklingur um Kjalarneshrepp. 0,05
- 2017/20 Skjöl frá félaginu Sjálfsvörn Reykjalundi. Í safninu eru skjalaflokkarnir: A fundargerðir, B Bréf, C Bókhald. 0,31

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar 2017

Tekjur:

Mosfellsbær	12.533.783 kr
Rekstrarstyrkur ríkisins	892.500 kr
Annað	15.000 kr

Samtals: 13.441.283 kr

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld	8.678.631 kr
Húsaleiga og hússjóður	3.157.344 kr
Rafmagn	120.487 kr
Ræsting	167.128 kr
Annar rekstrarkostnaður	1.424.222 kr

Samtals: 13.547.812 kr

Mismunur: -106.529 kr

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar
Þverholt 2 • sími 525-6789 • skjalasafn@mos.is • hermos.is